

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. apríl 2021
Tilvísun: 2021030703/ÞS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á persónuverndarlögum og fleiri lögum

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 18. mars 2021 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 117/2016 um fasteignalán til neytenda (þskj. 923, 554. mál á 151. löggjafarþingi). Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1.

Um 1. gr. frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 15. gr. laganna þar sem nú er mælt fyrir um að leyfi Persónuverndar þurfi til vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, þ.m.t. vanskilaskráningar og gerðar lánshæfismats, í því skyni að miðla þeim til annarra. Nánar tiltekið er sú breyting lögð til að í stað þessarar leyfisskyldu verði kveðið á um bann við slíkri vinnslu. Í umræddu ákvæði, eins og það er nú úr garði gert, er á því byggt að vinnslan sé nauðsynleg til að draga úr áhættu við veitingu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu en jafnframt að henni þurfi að setja mörk í ljósi einkalífshagsmuna einstaklinga. Leyfisskyldan, sem ákvæðið mælir fyrir um, þjónar því markmiði.

Ljóst er að löggjafinn getur hreyft við framangreindu hagsmunamati innan ramma stjórnarskrár og mannréttindaskuldbindinga, svo og skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum. Vísast í því sambandi til grunnreglunnar um friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, almennu persónuverndarreglugerðarinnar (ESB) 2016/679, svo og 9. gr. tilskipunar 2008/48/ESB um lánsamninga fyrir neytendur og 21. gr. tilskipunar 2014/17/ESB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði. Síðastnefndu tvö ákvæðin gera ráð fyrir að lánveitendum skuli tryggður aðgangur að gagnagrunnum til að meta lánshæfi. Samkvæmt 28. lið formála tilskipunar 2008/48/ESB og 60. lið formála tilskipunar 2014/17/ESB getur hér verið um að ræða gagnagrunna á vegum opinberra aðila og einkaaðila og kemur þar auk þess fram að aðgangur að þeim á að tryggja jafna samkeppni milli lánveitenda. Jafnframt er hins vegar vísað til þess í 9. gr. fyrrnefndu tilskipunarinnar og meðal annars 59., 61. og 62. lið formála 21. gr. þeirrar síðarnefndu að fara verði að persónuverndarlöggjöf í tengslum við umrædda gagnagrunna.



2.

Um 2. og 3. gr. frumvarpsins

Auk fyrrgreindrar tillögu að breytingu á 15. gr. laga nr. 90/2018 er í 2. og 3. gr. frumvarpsins lagt til að samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 33/2013 og 7. mgr. 22. gr. laga nr. 117/2016 verði óheimilt að líta til upplýsinga um vanskil neytenda vegna tiltekinnar kröfu sé búið að afskrá hana af vanskilaskrá. Í þessu sambandi skal bent á að verði 1. gr. frumvarpsins samþykkt verður miðlun upplýsinga úr slíkum skráum óheimil og ætti þá ekki að gerast þörf á samþykkt 2. og 3. gr. frumvarpsins til að ná fram markmiðum þess. Verði 1. gr. hins vegar ekki samþykkt er ljóst 2. og 3. gr. hafa sjálfstætt gildi og reynir þar á sambærilegt hagsmunamat og fyrr greinir, þ.e. hvorir hagsmunirnir eigi að veða þyngra, einkalífshagsmunir eða hagsmunir af öryggi í viðskiptum, og hvort, hvernig og hversu lengi eigi að mega vinna með upplýsingar eins og hér um ræðir við mat á láns hæfi. Skal tekið fram í því sambandi að Persónuvernd hefur nú álitafni hvað það snertir til athugunar í tengslum við gerð staðlaðra skilmála í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið, en tekið skal fram að verði frekari umsagnar óskað verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Helga S. Þórhallsdóttir

Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Steinunn B. Magnúsdóttir

Steinunn Birna Magnúsdóttir